

## 108/00 - M.s. Lone Boy 6810108

m.s. Lone Boy, leki kemur á siglingu frá Íslandi til Evrópu

### M.s. Lone Boy 6810108

#### Skipaskr.nr.:

**Smíðaður:** 1967 úr stáli

**Stærð:** 299,94 brl; 544,00 bt

**Lengd:** 49,71 m **Breidd:** 8,30 m **Dýpt:** 5,50 m

**Vél:** 368,00 kW **Ágerð:**

**Annað:**

**Földi skipverja:** 5

### Atvikalýsing

Hinn 11. nóvember 2000 kl. 04:05 fór m.s. Lone Boy frá Reykjavík full lestað með fiskimjöli.

Þegar skipið hafði verið á siglingu í um 10 klst. varð vart við titring á skipinu og skömmu síðar kom fram leki í vélarrúmi með skrúfuás. Var reynt að þrýsta feiti í stefnislegur til að hefta leka með skrúfuás en án árangurs. Kl. 19:15 var ákveðið að snúa skipinu til Hafnarfjarðar þar sem ekki var hægt að stöðva lekann með stefnislöginu. Var skipinu siglt til hafnar í Hafnarfirði.

### Við rannsókn kom fram

- að skipið hafði heimild Söfartsstyrelsen í Danmörku til "Europæisk fart", (European trade) sem gilti til 28. febrúar 2001. Samkvæmt upplýsingum frá Söfartsstyrelsen í Danmörku hafði skipið heimild til siglinga á hafsvæðinu umhverfis Ísland;
- að við skoðun á skrúfuás kom í ljós umtalsverð tæring á skrúfuásnum þar sem hann lá í stefnislögi og talið að það hafi verið nokkur tími síðan öxulþétti hafi gefið sig;
- að talsverð tæring kom fram á bol skipsins við þykktarmælingu auk þess voru sprungur á botni skipsins inn í botnþrær;
- að fram kemur í skoðunarskýrslu Siglingastofnunar PORT STATE CONTROL að ýmsu var áfátt í skipinu og þarfnaðist lagfæringa;
- að af hálfu eigenda skipsins var sú krafa sett fram við tryggingafélag farmsins, strax eftir að í ljós komu skemmdir á skipinu, að um sameiginlegt sjótjón væri að ræða. Sú krafa var síðan dregin til baka þegar rannsókn hófst á málinu;
- að skipstjóri var í sinni fyrstu ferð á þessu skipi sem skipstjóri en hafði verið á því árið áður í þrjá mánuði;
- að einn skipverja sem hugsanlega gat gefið þýðingarmiklar upplýsingar um málið var farinn úr landi þegar sjóprófið fór fram.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í málinu.